

## Fundargerð Foreldrafélags V.Í 7.mars 2013

Mættir: Elín Thorarensen formaður, Árni S. Mathiesen, Unnur Ingólfssdóttir og Lena Lenharðsdóttir ritari.

- 1) **Fundur með Heimili og skóla.** Aðeins farið yfir fundinn sem tveir stjórnarmenn sóttu. Á fundinum var haldin kynning á nýrri aðalnámskrá sem tekur að fullu gildir 2015 og í kjölfarið vöknðu spurningar í stjórn hvort þörf væri á kynningu fyrir foreldra. Almennt góður fundur þar sem stjórnarmenn foreldrafélaga sögðu frá því sem þeir væru að gera og deildu hugmyndum.
- 2) **Netföng foreldra.** Rætt um möguleikann á að fá netföng foreldra frá skólanum ef við þurfum að senda þeim póst en ákveðið að þiggja boð skólastjórnenda um að þeir sendi póst fyrir okkur. Einnig býðst Foreldrafélaginu að koma efni á framfæri í fréttabréfi Versló sem sent er á alla foreldra. Ákveðið að athuga nýja leið í að safna netföngum vegna ballgæslu á kynningarfundum nýnema í haust. Þar safna kennarar netföngum foreldra og hugmyndin að hafa dálk þar sem foreldrar haka við ef þeir vilja fá póst frá foreldrafélaginu.
- 3) **Facebooksíða Foreldrafélagsins.** Ákveðið að stofna síðu og fá skólastjórnendur til að auglýsa síðuna.
- 4) **Ballgæsla:** Hugmynd sett fram hvort foreldrar geti aðstoðað í fatahengi eftir böll þar sem tappi myndast oft við afhendingu. Mjög vel hefur gengið að manna gæsluna af foreldrum í vetur og eru umsjónarmenn þeirra mjög ánægðir með aðkomu foreldra.
- 5) **Fundur með skólastjórnendum og nemendafélagi í apríl.**
  - a) **Kynjafræðsla – hvernig unninn, brunaæfingar, óveðursviðbúnaður, frí í fyrstu tímum eftir böll, afhverju eru svo margir miðar seldir útfyrir á nemóballið, kaup á gæsluvestum f. foreldrafélagið ...**
  - b) **Kanna hvort nemendafélagið hafi áhuga á að hitta okkur ;)**
- 6) **Lagabreytingar.** Lesa yfir og gera tillögur að breytingum ef þurfa þykir. Spurning hvort innheimta eigi valfrjáls félagsgjöld og þá til hvers.

**Fundi slitið.**

**Lena Lenharðsdóttir ritari**